

# Nesstofusafni afhentur arfur Jóns Steffensen

Afhending arfs  
Læknafélags  
Íslands eftir Jón  
heitinn Steffensen  
í hendur  
ríkissjóðs fyrir  
hönd lækninga-  
minjasafnsins  
Nesstofusafns og  
afhending  
framlags  
Læknafélags  
Íslands til  
Nesstofusafns



Frá undirritun gjafagerningsins: Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ, Björn Bjarnason menntamálaráðherra og Geir H. Haarde fjármálaráðherra.

FÖSTUDAGINN 16. ÁGÚST SÍÐASTLIÐINN FÓR framformleg afhending á arfi Jóns Steffensen í hendur Birni Bjarnasyni menntamálaráðherra og Geir H. Haarde fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs. Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ afhenti gjöfina í Nesstofu, að viðstöddum gestum. Þar á meðal voru þjóðminjavörður, fulltrúar bæjarstjórnar Seltjarnarness, stjórnarmenn LÍ, fyrrum og núverandi stjórnarmenn Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar og starfsmenn lækningaminjasafnsins Nesstofusafns.

Formaður LÍ ávarpaði gesti og er ræða hans birt hér með. Að henni lokinni undirrituðu ráðherrar og formaður gjafagerning „til staðfestingar á móttöku gjafarinnar og þeim skuldbindingum sem henni fylgja, með fyrirvara um samþykki Alþingis“, eins og stendur í niðurlagi skjalsins.

Formaður afhenti ráðherrum einnig ávísun frá Læknafélagi Íslands að upphæð kr. 2.000.000 sem renna skulu til endurbóta á húseign þeirri er kaup voru fest á.

Menntamálaráðherra þakkaði góðar gjafir og afhenti Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði gjafagerninginn til varðveislu enda mun lækningaminjasafnið heyra undir Þjóðminjasafn Íslands. Í framhaldi þess kynnti þjóðminjavörður



Fedgarnir Gunnlaugur Snædal fyrrum formaður Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar og Jón G. Snædal varaformaður LÍ voru viðstaddir athöfnina.



Halldór Baldursson núverandi formaður Félags áhugamanna um sögu læknisfræðinnar var einnig mættur.

samþykkt Þjóðminjaráðs frá 15. ágúst síðstliðnum. Er samþykktin birt hér með.

-bj-



Margrét Hallgrímsdóttir þjóðminjavörður tók við undirrituðu skjalinu fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands.

## Samþykkt Þjóðminjaráðs frá 15. ágúst

LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS HEFUR TEKIÐ ákvörðun um að afhenda Þjóðminjasafni Íslands húseignina að Bygggördum 7 á Seltjarnarnesi, sem keypt var fyrir erfðafé prófessors Jóns Steffensen. Læknafélaginu var falið að verja erfðafénu til hagsbóta fyrir Nesstofusafn og hefur nú fest kaup á þessu framtíðarþjónustuhúsnæði fyrir safnið.

Auk húseignarinnar mun Læknafélag Íslands leggja fram það sem eftir er af erfðafé prófessors Jóns Steffensen, þ.e. 10 milljón krónur auk 2 milljóna króna gjafar frá félaginu sjálfu. Það fé verður nýtt til endurbóta á húsnæðinu.

Með þessu hefur verið stigið mikilvægt skref í að

tryggja varðveislu muna Nesstofusafns, en ástand núverandi geymsluhúsnæðis og starfsaðstaða þess eru mjög bágborin og nýja húsnæðið því afar kærkomið.

Þjóðminjaráð fagnar því að Nesstofa fái hér að gjöf húsnæðið að Bygggördum 7, sem nýtast mun sem geymsluhúsnæði og starfsaðstaða fyrir Nesstofusafn. Þjóðminjaráð mun beita sér fyrir því að unnt verði að ljúka endurbótum á húsnæðinu sem fyrst.

Hér með er þakkað fyrir hina höfðinglegu gjöf og mikilvægan stuðning við Nesstofusafn og Þjóðminjasafn Íslands.